

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 9. febrúar 1981

um breytingu á II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum**(81/36/EBE)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/895/EBE frá 23. nóvember 1976 um hámarksmagn varnarefnaleifa í og á ávöxtum og matjurtum ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 80/428/EBE ⁽²⁾, einkum 4. og 8. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 4. gr. tilskipunar 76/895/EBE er kveðið á um að aðildarríki sé heimilt, telji það að hámarksmagn sem ákveðið er í II. viðauka gæti stofnað heilsu manna eða dýra annarra en skaðlegra lífvera í hættu, að lækka tímabundið þessi mörk á yfirráðasvæði sínu.

Konungsríkið Holland hefur skírskotað til ákvæða áður nefndrar greinar vegna ákveðins hámarksmagns fyrir dímetóat, ómetóat og fenklórfos.

Fenklórfos var tilefni breytinganna sem kveðið er á um í tilskipun 80/428/EBE. Framkvæmdastjórnin hefur nú lokið

frekari athugunum sínum á hinum varnarefnunum tveimur.

Breyta skal hámarksmagni fyrir ómetóat í II. viðauka á grundvelli nýrra rannsókna.

Einnig er æskilegt að halda algjörlega aðgreindu hámarksmagni sem ákveðið hefur verið fyrir dímetóat og ómetóat og breyta í kjölfarið hámarksmagni sem ákveðið er fyrir dímetóat.

Þar sem fastanefndin um plöntuheilbrigði hefur ekki gefið jákvæða umsögn hefur framkvæmdastjórninni verið ókleift að samþykka fyrirhugaðar ráðstafanir í samræmi við þá málsmæðferð sem kveðið er á um í 8. gr. tilskipunar 76/895/EBE.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 340, 9. 12. 1976, bls. 26.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 102, 19. 4. 1980, bls. 26.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. viðauka við tilskipun 76/895/EBE:

1. Í stað ákvæða um dímetóat og ómetóat komi eftirfarandi:

EBE nr.	Varnarefni		Hámarks magn (í mg/kg (ppm))
	Almennt heiti	Efnaformúla	
15/55	tvímetóat	0,0-dímetýl-S-(N-metýl-karbamóýl)-metýl-díþíófosfat	1
—	ómetóat	dímetýl-S-(N-metýl-karbamóýl-metýl)fosfórópíólat	0,4: kirsuber, kaffifíls-blöð, jarðartískokka og spínat 0,1: ber, laukur, blað-laukur og rótar-grænmeti 0,2: aðrar afurðir

2. Neðanmálgrein (³) falli niður.

2. gr.

Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1982. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 9. febrúar 1981.

Fyrir hönd ráðsins,

G. BRAKS

forseti.